

**1952 nr. 100 23. desember****Lög um íslenskan ríkisborgarétt**

■ **1. gr.** [Barn öðlast íslenskt ríkisfang við fæðingu:

1. ef móðir þess er íslenskur ríkisborgari,
2. ef faðir þess er íslenskur ríkisborgari og kvæntur móðurinni. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins.

□ Barn, sem fundist hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenskur ríkisborgari.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 1. gr.

■ **2. gr.** [Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn hér á landi öðlast það íslenskan ríkisborgarétt ef karlmaður, sem er íslenskur ríkisborgari, er faðir þess samkvæmt barnalögum.

□ Eignist ógift kona, sem er erlendur ríkisborgari, barn erlendis með karlmanni sem er íslenskur ríkisborgari getur faðirinn, áður en barnið nær 18 ára aldri, óskað þess við dómsmálaráðuneytið að það öðlist íslenskan ríkisborgarétt, og skal hann hafa samráð við barnið hafi það náð 12 ára aldri. Leggi hann fram fullnægjandi gögn, að mati ráðuneytisins, um barnið og faðerni þess öðlast barnið íslenskan ríkisborgarétt við staðfestingu ráðuneytisins.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 2. gr.

■ **[2. gr. a.]** [Erlent barn, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara, með leyfi íslenskra stjórnvalda, öðlast íslenskt ríkisfang við ættleiðinguna ef það er yngra en 12 ára.

□ Erlent barn, yngra en 12 ára, sem ættleitt er af íslenskum ríkisborgara með erlendri ákvörðun, sem íslensk stjórnvöld viðurkenna, öðlast íslenskt ríkisfang við staðfestingu dómsmálaráðuneytisins að ósk ættleiðanda.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 49/1982, 2. gr.

■ **3. gr.** [Útlendingur, sem átt hefur lögheimili hér á landi samfleytt frá því að hann náði 16 ára aldri og að auki hefur búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri, en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenskt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára, enda hafi hann, þegar yfirlýsingin er gefin, átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin og að auki búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt.]<sup>1)</sup>

□ Eigi ríkið í ófriði, getur borgari í óvinaríki ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt þessari grein. Sama á við um þann, sem ekki á ríkisborgarétt í neinu ríki, en hefur síðast átt ríkisborgarétt í óvinaríki.

<sup>1)</sup> L. 49/1982, 3. gr.

■ **4. gr.** Nú hefur einhver, sem öðlast hefur íslenskt ríkisfang við fæðingu og átt hefur hér lögheimili til fullnaðs 18 ára aldurs, misst íslensks ríkisfangs síns, og fær hann þá ríkisfangið að nýju, hafi hann átt hér lögheimili síðustu 2 árin, með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 4. gr.

■ **5. gr.** [Fái einhver ríkisfang skv. 3. og 4. gr. öðlast jafnframt ógift börn hans undir 18 ára aldri ríkisfangið, hafi hann forsjá þeirra og þau eigi lögheimili hér á landi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 5. gr.

■ **[5. gr. a.]** Dómsmálaráðherra er heimilt, að fenginni umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og útlendingaefitirlits, að veita íslenskan ríkisborgarétt samkvæmt um-

sókn sem borin er fram af umsækjanda sjálfum, eða forsjármönnum hans hafi hann ekki náð 18 ára aldri, enda fullnægi hann eftirgreindum skilyrðum um búsetu, hegðun og framfærslu:

A. Búsetuskilyrði.

1. Umsækjandi hafi átt hér lögheimili í sjö ár; ríkisborgari í einhverju hinna Norðurlandanna þó einungis í fjögur ár.

2. Umsækjandi, sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara, hafi átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu/stofnun staðfestrar samvistar, enda hafi hinn íslenski maki haft íslenskan ríkisborgarétt ekki skemur en fimm ár.

3. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og bæði eru ógift, hafi átt hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgarétt ekki skemur en fimm ár.

4. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, hafi átt hér lögheimili í tvö ár, enda hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgarétt ekki skemur en fimm ár.

5. Umsækjandi, sem verið hefur íslenskur ríkisborgari, en hefur gerst erlendur ríkisborgari, hafi átt hér lögheimili í eitt ár.

6. Flóttamaður, sem fullnægir skilgreiningu í alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna sem gerður var 28. júlí 1951, hafi átt hér lögheimili sem slíkur í fimm ár.

7. Reglur þessar miðast við lögheimili og samfellda dvöl hér á landi. Heimilt er að víkja frá því skilyrði þótt dvöl umsækjanda hér hafi verið rofin allt að einu ári vegna tíma-bundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem vegna veikinda nákomins ættingja, en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Sá tími, sem umsækjandi hefur átt hér lögheimili og dvöl, verður þó að vera að minnsta kosti jafnlangur þeim tíma sem hann verður samkvæmt áðurgreindum reglum að uppfylla.

B. Önnur skilyrði.

1. Umsækjandi sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.

2. Umsækjandi geti framfleytt sér hérlendis með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í umsókn og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin tvö ár.

3. Umsækjandi hafi ekki sætt varðhalds- eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

□ Dómsmálaráðherra er einnig heimilt að veita íslenskan ríkisborgarétt barni sem fætt er hér á landi og sannanlega hefur ekki öðlast annan ríkisborgarétt við fæðingu og hefur ekki öðlast hann, eða átt rétt til að öðlast hann, þegar umsókn um ríkisborgarétt er borin fram. Barnið skal hafa átt lögheimili og samfellda dvöl hér á landi frá fæðingu í að minnsta kosti þrjú ár.

□ Um börn þeirra sem fá ríkisborgarétt samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 5. gr., nema öðruvísi sé ákvæðið.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 6. gr.

■ **6. gr.** [Alþingi veitir ríkisborgarétt með lögum.

□ Áður en umsókn um ríkisborgarétt er lögð fyrir Alþingi skal dómsmálaráðuneytið fá um hana umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og útlendingaefitirlits.

□ Eigi sá börn sem ríkisborgarétt fær með lögum fer um þau eftir ákvæðum 5. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 7. gr.

■ **7. gr.** Íslensks ríkisfangs missir

1. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki,

2. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki,

3. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess, sem hafa [forsjá]<sup>1)</sup> þess, fá erlent ríkisfang samkvæmt 1. eða 2. tölul. greinarinnar, eða foreldri, sem hefur eitt [forsjá]<sup>1)</sup> barnsins eða ásamt hinu, sem ekki er íslenskur ríkisborgari, fær erlent ríkisfang með fyrrnefndum hætti, . . . <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 49/1982, 5. gr.

■ **8. gr.** Íslenskur ríkisborgari, sem fæddur er erlendis og aldrei hefur átt lögheimili hér á landi né hefur dvalist hér í einhverju skyni, er af megi ráða að hann vilji íslenskur ríkisborgari vera, missir íslensks ríkisfangs þá er hann verður 22 ára. Þó getur forseti leyft, að hann haldi ríkisfangi sínu, ef um það er sótt innan þess tíma. [Hann missir þó ekki íslensks ríkisfangs verði hann við það ríkisfangslaus.]<sup>1)</sup>

□ [Nú missir einhver íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein og missa þá einnig börn hans íslensks ríkisfangs, sem þau hafa öðlast á grundvelli ríkisfangs hans, nema þau við það verði ríkisfangslaus.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 49/1982, 6. gr.

■ **9. gr.** Forsetinn getur leyst þann, sem orðinn er eða óskar að verða erlendur ríkisborgari, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

□ [Eigi verður þeim neitað um að verða leystur undan þegnskyldu, sem er erlendur ríkisborgari og á lögheimili erlendis.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 49/1982, 7. gr.

■ **[9. gr. a.]** Ákveða má með samningi við önnur ríki, að ákvæði 2. og 3. mgr. komi til framkvæmda. Orðið samningsríki í þessari grein á við það eða þau ríki, sem slíkur samningur er gerður við.

□ Íslenskur ríkisborgari, sem við fæðingu hefur einnig orðið ríkisborgari í samningsríki, missir íslensks ríkisfangs er hann nær aldursmarki, sem ákveðið er í samningnum, og má ekki vera lægra en 19 ár og ekki hærra en 22 ár, hafi hann síðustu 5 árin átt lögheimili í því samningsríki.

□ Missi einhver ríkisfangs samkvæmt 2. mgr. missa einnig börn hans ríkisfangsins, ef þau leiða það af ríkisfangi hans, nema þau verði við það ríkisfangslaus.

□ Sá, sem misst hefur íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein og hefur æ síðan verið ríkisborgari í samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju, ef hann tilkynnir dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið að nýju lögheimili hér á landi. Ákvæðin í 2. málsl. 4. gr. og í 5. gr. eiga hér við með samsvarandi hætti.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 49/1982, 8. gr.

■ **[9. gr. b.]** Ákveða má, með samningi við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð, að eitt eða fleiri ákvæðanna í A–C hér á eftir, skuli fá gildi. Orðin norrænt samningsríki í greininni eiga við það eða þau ríki, sem gerður er við slíkur samningur.

A. Þegar beitt er 3. gr. skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 16 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi. Þó skal sá, sem hlut á að máli, hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin, þegar yfirlýsing er gefin.

Þegar beitt er 4. gr. skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 12 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi.

Þegar beitt er 8. gr. skal meta lögheimili í norrænu samningsríki í minnst 7 ár til jafns við lögheimili hér á landi.

B. Ríkisborgari í norrænu samningsríki, sem

1. hefur öðlast ríkisborgarétt þar með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti,

2. hefur náð 18 ára aldri,

3. hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 7 árin, og

4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur [í fangelsi]<sup>1)</sup> eða til að sæta öryggisgæslu eða hælsvist samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðherra skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. gr. eiga hér við.

C. Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs, og hefur síðan ósliðið verið ríkisborgari í norrænu samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið lögheimili hér á landi. Ákvæði 5. gr. eiga hér við.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 49/1982, 9. gr.

■ **10. gr.** Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður hafi öðlast íslenskan ríkisborgarétt við setningu laga þessara eða fullnægi skilyrðum til að öðlast íslenskan ríkisborgarétt með því að lýsa ósk sinni þar um. Skjóta má úrskurði um þetta efni undir úrlausn dómstóla.

□ Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

□ [Yfirlýsingu skv. 3. gr., 4. gr., 4. mgr. 9. gr. a og B- og C-lið 9. gr. b um að maður óski að verða íslenskur ríkisborgari getur aðeins sá aðili sjálfur gefið en ekki forsjarmaður.]<sup>1)</sup>

□ Þar sem eigi er annað ákveðið aldursmark í lögum þessum, skal þeim, sem náð hefur 18 ára aldri, heimilt að gefa yfirlýsingu um ríkisborgarétt samkvæmt lögum þessum, án tillits til þess, að hann er háður [forsjá]<sup>1)</sup> annars manns.

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 10. gr.

■ **11. gr.** Barn undir 18 ára aldri, sem mundi hafa átt íslenskan ríkisborgarétt, ef ákvæði 1. gr. 1. mgr. 2. tölul. hefðu verið í gildi fyrir gildistöku þessara laga, og ekki er eða hefur verið ríkisborgari í öðru landi, öðlast íslenskt ríkisfang við gildistöku laganna.

□ Kona, sem samkvæmt áður gildandi löggjöf hefur misst íslensks ríkisfangs við það að giftast erlendum ríkisborgara eða við það að öðlast erlendan ríkisborgarétt, annaðhvort við hjónaband eða vegna þess að eiginmaður hennar hefur öðlast erlendan ríkisborgarétt, en mundi hafa haldið íslensku ríkisfangi sínu, ef ákvæði þessara laga hefðu áður verið í gildi, getur endurheimt ríkisborgarétt sinn með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Slíka tilkynningu skal þó bera fram fyrir 31. desember 1957.

□ Kona, sem nær 22 ára aldri fyrir 1. janúar 1956 og hefur verið eða er gift er hún nær þeim aldri, missir ekki íslensks ríkisfangs samkvæmt 8. gr., 1. mgr., fyrr en í árslok 1956.

□ Nú flyst maður búferlum af landi héðan, sem orðinn er ríkisborgari í öðru landi, en hefur haldið íslensku ríkisfangi samkvæmt ákvæði 2. málsl. 5. gr. laga nr. 64 28. janúar 1935, og missir hann þá ekki íslensks ríkisfangs, nema hann eigi enn ríkisborgarétt í öðru landi og mundi missa eða hafa misst íslensks ríkisfangs samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga, ef þau hefðu áður haft gildi.

□ Nú verða þær aðstæður fyrir hendi eftir gildistöku laga þessara, er nægja til þess að öðlast ríkisborgarétt eða varða missi hans, og skal þá fara eftir ákvæðum laga þessara eins og þau hefðu áður gilt.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Barn sem fætt er eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982 og hefði öðlast íslenskt ríkisfang ef ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um íslenskan ríkisborgara-rétt, sbr. lög nr. 49/1982, hefðu verið í gildi við fæðingu þess fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins, enda hafi hún forsjá barnsins, sé íslenskur ríkisborgari og barnið innan 18 ára

aldurs. Barn þarf að lýsa samþykki sínu svo að yfirlýsing sé gild.

□ Hafi barnið náð 18 ára aldri getur það gefið yfirlýsingu um að það óski eftir að framangreint ákvæði taki til sín, enda hafi móðir þess haft íslenskt ríkisfang frá fæðingu þess til 1. júlí 1982 og barnið fullnægir skilyrðum 8. gr. til að vera íslenskur ríkisborgari.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/1998, 11. gr.